



Afmæliskveðja frá Bessastöðum

Mannlífið á Álftanesi er samofið sögunni og náttúrunni en býr líka að ríkulegum krafti nýsköpunar; ungar kynslóðir móta það í sinni mynd, í takt við tækni og tíðaranda.

Skólahaldið í röska öld hefur á vissan hátt verið þungamiðjan; ofið bönd vináttu og samhugar; skapað góðar minningar og notadrjúgt veganesti.

Í iðukasti nútímans þegar hraði breytinganna ögrar flestu hefur Álftanesskólinn haldið sínu striki, verið í senn kjölfesta og vettvangur nýjunga í daglegri önn; hefðir og sköpunargleði slegið í takt og samvinna kennara og nemenda birt nýja fleti á flestum efnum; þekkingarleitinni beint jafnt og þétt inn á ókunnar slóðir.

Samfylgd skólans og Bessastaða er einnig merk, bundin bæði upphafinu og nútíðinni.

Á aðventunni kemur nemendafjöld í hlaðið hjá okkur, syngur og hjálpar til við að kveikja á jólatrjánum; heilsar upp á Stúf og Kertasníki sem, svo undarlega sem það kanna að hljóma, hafa reyndar líka fengið þjálfun í skóla byggðarlagsins!

Söngurinn í morgunhúminu er á vissan hátt tenging við gamla tíma og hefði örugglega glatt Grím Thomsen sem árið 1880 léði húsnæði á Bessastöðum undir barnaskólahald í hreppnum; og hér var svo kennt í næstum áratug þar til skólinn fluttist til Bjarnastaða.

Álftanesskólinn á sér því djúpar rætur á Bessastöðum og hefur haldið áfram að gleðja þá sem hingað veljast. Við Dorrit sendum ykkur afmæliskveðjur og árnaðaróskir; þökkum margar góðar samverustundir.